

STJÓRNARTÍÐINDI B 43 – 1992

10. ágúst 1992

623

Nr. 301

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Austur-Barðastrandarsýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Hreppsnefnd Reykhólahrepps, Austur-Barðastrandarsýslu, hefur á hendi yfirstjórn allra fjallskilamála innan takmarka sýslunnar. Hreppsnefnd sker úr öllum ágreiningi vegna fjallskila á svæðinu. Allar kærur og kröfur á hendur fjallskilanefnd varðandi fjallskilamál heyra undir hreppsnefnd. Ennfremur geta einstakir aðilar lagt slík mál undir úrskurð hreppsnefndar.

2. gr.

Fjallskilanefnd hefur á hendi stjórn og framkvæmdir í fjallskilamálum á svæðinu. Fjallskilanefnd er heimilt að kveða nánar á um fjallskil í einstökum atriðum á hverju fjallskilasvæði, enda brjóti ákvarðanir fjallskilanefndar eigi í bága við samþykkt þessa.

II. KAFLI

Um notkun upprekstrarlands.

3. gr.

Hreppsnefnd skal annast um að þeir fjáreigendur, sem ekki hafa nægilegt upprekstrarland fyrir fénað sinn, fái upprekstur annars staðar í hreppnum, þar sem beitiland er nægilegt, enda komi sanngjörn greiðsla fyrir, að mati óvilhallra manna, ef ekki næst samkomulag við landeiganda. Íhlutunarskylda hreppsnefndar fellur niður, ef ekki er til ónytjað beitiland í hreppnum.

III. KAFLI

Um fjallskil.

4. gr.

Tvennar skulu fjallgöngur á hausti. Hreppnum skal skipt í leitarsvæði. Fyrri leitardag skal fjallskilanefnd ákveða í samræmi við áætlun sláturleyfishafa um slátrun. Þó skal heimilt, að öll leitarsvæði séu ekki smöluð sama dag. Síðari leitardagur skal vera á sama tíma í hreppnum öllum og samráð haft við hreppsnefndir samliggjandi leitarsvæða. Réttá skal sama dag og leitir fara fram, þó er heimilt að fresta réttarhaldi til næsta dags, ef nauðsyn krefur. Hreppsnefnd getur ef þurfa þykir ákveðið þriðju leit og leitardag.

5. gr.

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi, hver ábúandi, eða húsráðandi, sem fé á. Einnig er hann fjallskilaskyldur fyrir hjú sín og börn, eigi þau fé, einnig fóðrafé. Nú er jörð í eyði og land hennar ekki lagt til afréttar viðkomandi hrepps með samningum, og er þá eiganda eða umboðsmanni hans skylt að annast um hreinsun heimalands jarðarinnar að hausti, sem og

önnur fjallskil, eins og byggð væri. Nú fellur sveitarfélag eða verulegur hluti þess úr byggð, og skal þá viðkomandi hreppsnefnd sjá um, að fjallskil séu framkvæmd á eyðilöndum. Kostnaður við þau skiptist þannig, að eigendur bera $\frac{1}{2}$, hreppar þeir er fjárvon eiga í löndunum $\frac{1}{4}$ og ríkissjóður $\frac{1}{4}$. Búnaðarfélag Íslands úrskurðar kostnaðarreikninga.

6. gr.

Fjallskilasjóður er í vörslu sveitarstjórnar. Fjallskilum í sumarstarhögum skal jafna niður á fjallskilaaðila þannig að hver jörð skal vera eitt dagsverk hvort sem á henni er ábúð eða ekki. Til viðbótar jafnist fjallskil eftir þörfum niður á fjallskilaaðila í hlutfalli við tölu fjallskilaskylds búpenings. Eigendur eyðingarða skulu eiga þess kost að semja um fjallskil við notendur beitar, greiða gjald til fjallskilasjóðs, eða leggja fram dagsverk. Fjallskilanefnd heldur gjörðabók og færir sérstakt bókhald. Skulu reikningar fjallskilasjóðs endurskoðast á sama hátt og sveitarsjóðsreikningar. Fjallskil skulu innt af hendi í vinnu, eftir því sem þörf krefur og við verður komið, ella goldin í peningum eftir mati fjallskilanefndar.

7. gr.

Fjallskilanefnd skal árlega í tæka tíð semja fjallskilaseðil, þar sem ákveðið er hvernig fjallskilum og leitum í heimalöndum skuli hagað. Skal fjallskilanefnd tilnefna einn eða fleiri leitarstjóra á hverju beitarsvæði. Leitarstjórar skulu stjórna göngum leitarmanna og annast um að allt fari vel og skipulega fram.

8. gr.

Í fjalleitum skal öllu fé safnað til lögréttar af leitarsvæðinu. Hreppsnefnd getur bannað sundurdrátt á bæjum og ákveðið að allt fé úr heimalöndum sé rekið til réttar, ef nauðsyn krefur. Þegar sundurdráttur fer fram á bæjum, skal heimaféð dregið úr. Rísi ágreiningur út af þessu, skulu hlutaðeigandi aðilar hlíta úrskurði hreppsnefndar.

9. gr.

Leitarstjóri skal tafarlaust tilkynna fjallskilanefnd, ef eigi er farið eftir fyrirmælum hans, en fjallskilanefnd getur kært slíkt, svo og alla aðra vanrækslu við framkvæmd fjallskilamála og varða brot sektum.

IV. KAFLI.

Um réttarhöld og meðferð óskilafjár.

10. gr.

Skilaréttir í hreppnum skulu vera á þeim stöðum er hér segir: í Króksfjarðarnesi, Kinnarstöðum, Grund, Hjöllum, Djúpadal og Múla í Kollafirði.

11. gr.

Valdi bygging skilaréttar grasráni eða jarðusla, skal, ef þess verður krafist, koma fullt endurgjald úr fjallskilasjóði hreppsins, eftir mati dómkvaddra manna.

12. gr.

Fjallskilanefnd skal sjá um að fjárréttir séu í góðu standi, og skulu dilkar svo rúmgóðir, að enginn þurfi að hleypa út fé fyrr en sundurdrætti er lokið. Í þeim lögréttum, þar sem utansveitarmenn eiga von á töluverðum fénaði, skal fjallskilanefnd sjá um að til séu nægilega stórir dilkar fyrir þá að draga fé sitt í. Kostnað við byggingu þeirra greiði hlutaðeigandi hreppsfélög, nema öðruvísi sé um samið. Hver ábúandi eða húsráðandi, sem fé á, er skyldur til að vinna við að koma upp eða gera við rétt, samkvæmt fyrirmælum hreppsnefndar. Allur kostnaður, er af þessu leiðir, greiðist úr fjallskilasjóði eða sveitarsjóði, en hreppsnefnd hefur

heimild til að leggja fram fé úr sveitarsjóði og jafna niður á hreppsþúa í hlutfalli við sauðfjáreign þeirra.

13. gr.

Fjallskilanevnd skipar réttarstjóra og skal hann ávallt vera viðstaddur réttarhaldið, til þess að hafa umsjón með því að allt fari vel og skipulega fram og eru allir, sem vinna við réttarhaldið, skyldir að hlýða fyrirmælum hans. Réttarstjóri skal skipa menn til þess að líta eftir því, svo vel sem unnt er, að fé misdragist ekki.

14. gr.

Heimilt er fjallskilanevnd að setja um það ákvæði í leitarseðli, ef hún telur þess þörf, hversu marga menn hver fjáreigandi skal leggja til í réttina, og má enginn, sem skyldur er að gegna réttarstörfum, fara fyrr en sundurdrætti er lokið nema réttarstjóri leyfi. Ef einhver fjáreigandi utan sveitar eða innan leggur svo illa til réttarstarfa, að töf verða að, er réttarstjóra heimilt að ráða menn á hans kostnað til þess að draga fé hans.

15. gr.

Enginn má marka kindur í skilaréttum, nema með samþykki réttarstjóra og undir umsjón hans.

16. gr.

Óskilafé er það fé, sem enginn finnst eigandi að, svo og ómerkingar, sem ær helga sér ekki og mýétið fé.

17. gr.

Réttarstjóri skal sjá um að ómerkingar séu dregnir í einn dilk jafnóðum og þeir finnast í rétt. Skal áður en réttarhaldinu er lokið láta lambsmæður helga sér dilka sína undir umsjón réttarstjóra. Þeim ómerkingum, sem lambsmæður helga sér ekki samkvæmt framansögðu, og mýétinu fé, skal þegar slátra og rennur andvirðið í hlutaðeigandi fjallskilasjóð eða sveitarsjóð.

18. gr.

Öðru óskilafé en um ræðir í 16. gr. skal þegar í stað slátra og senda nákvæma lýsingu af því í næstu hreppa, svo fljótt sem unnt er. Skal réttarstjóri sjá um að fé því sem slátrað var sé ráðstafað til innleggs á sérstakan reikning eftir mörkum, í samráði við viðkomandi sláturhússtjóra. Hausa af óskilafé skal varðveita í frystihúsi í allt að 10 mánuði eftir slátrun.

19. gr.

Skylt er hverjum manni að greiða sem best fyrir fé annarra. Hver sem gerir sig sekan um skeytingarleysi eða illa meðferð á heimtu fé, meðal annars að svelta það inni, reka það óþyrmilega eða týna því, skal kærður til hegningar. Skylt er hverjum manni, sem rekur eða lætur reka fé frá rétt, að hafa nægan mannafla við fjárreksturinn. Réttarstjóri hefir vald til að ákveða mannfjölda við slíka fjárrekstra, ef þurfa þykir.

20. gr.

Fjallafé, sem finnst eftir haustleitir, skal tilkynna fjallskilanevndaroddvita eða réttum eigendum, sem gerir sínar ráðstafanir á tilskildum tíma, ella skal fénu slátrað. Kostnað, sem af þessu leiðir, greiðir réttur eigandi.

21. gr.

Lýsingu á óskilafé því, sem slátrað hefir verið og eigendur finnast eigi að, skal hreppstjóri í lok hvers árs senda oddvita hreppsnefndar og skal síðan auglýsa í Lögbirtingablaði allt það óskilafé, sem slátrað hefir verið það ár í hreppnum, með mörkum þess og öðrum einkennum. Hver sá, er sannar eignarrétt sinn að hinu slátraða fé, skal fá andvirði þess að frádregnum öllum kostnaði, ef hann gefur sig fram fyrir lok septembermánaðar næst á eftir.

V. KAFLI.

Um mörk og markaskrár.

22. gr.

Sérhver fjáreigandi er skyldur til að hafa skýrt eyrnamark á fé sínu. Skylt er hverjum fjáreiganda að hafa viðurkennt hreppsmerki á fé sínu. Eigendum hrossa er skylt að hafa greinileg mörk á gripum sínum. Brennimark og plötumerki Reykhólahrepps er: AB.

23. gr.

Hreppsnefnd skal standa að prentun markaskrár Vestfjarða, svo sem landslög mæla fyrir, eigi sjaldnar en áttunda hvert ár, og skal útgáfu og útsendingu hennar lokið fyrir 30. ágúst það ár, sem markaskráin kemur út. Hreppsnefnd ræður markavörð, er sér um mörk, söfnun marka í hreppnum og útgáfu markaskrár. Skal því verki lokið fyrir 1. janúar hvers árs. Hver markeigandi skal greiða gjald það, er hreppsnefnd ákveður fyrir innfærslu marksins í skrána. Skal gjaldinu varið til greiðslu kostnaðar við skráningu, prentun og útsendingu. Ef gjaldið nemur meira en kostnaði rennur afgangurinn í hreppsþjóð, en hrökkvi gjaldið eigi til fyrir kostnaðinum, greiðist það sem á vantar úr hreppsþjóði.

24. gr.

Nú flyst maður inn í hreppinn og skal hann þá tilkynna mark sitt markaverði. Þeir sem vanrækja að láta prenta mark sitt í markaskrá, mega búast við að með fé þeirra verði farið sem óskilafé.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

25. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum refsheimildum. Sektir renna í fjallskilasjóð.

Mál sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal fara með að hætti opinberra mála.

26. gr.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Reykhólahrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6 21. mars 1986 til þess að öðlast gildi hinn 15. september 1991, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilareglugerð fyrir Austur-Barðastrandarsýslu nr. 466/1981.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. ágúst 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.